

## Úrskurður nr. 3/2005.

**Kærendur krefjast þess að bifreið sem þau fluttu með sér til landsins verði meðhöndluð í tolli sem “búslóðabifreið”. Tollstjóri hafnaði því, þar sem innflytjandi uppfylli ekki skilyrði um eins árs eignarhald á bifreiðinni. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu tollstjóra.**

Tollalög nr. 55/1987 5. gr., 8.gr., 21gr. 101. gr., og 148. gr. Stjórnsýslulög nr. 37/1993 23 gr. Reglugerð 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun. 2. gr., 21. gr. og 23. gr. Reglugerð um undanþágu aðflutningsgjalda 3. gr.

Með bréfi, dags. 12. febrúar 2005, sem barst nefndinni þann 16. s.m. kæra A. og B. úrskurð tollstjóra, dags. 17. desember 2004. Í hinum kærða úrskurði tollstjóra eru aðflutningsgjöld ákvörðuð af bifreið af gerðinni Toyota Land Cruiser BTB 1315, árgerð 1997, sem flutt var inn í sendinganúmeri U NOR 27 05 4 NO BGO 0142. Þar sem bifreiðin hafði ekki verið í eigu kæranda í eitt ár voru aðflutningsgjöld reiknuð skv 8. gr. tollalaga nr. 55/1987. Kærandi fer fram á að tekið verði tillit til persónulegra aðstæðna og að gjöld af bifreiðinni verði reiknuð út skv. 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995 þar sem örfáa mánuði vanti upp á að eignarhald á bifreiðinni uppfylli skilyrði nefndrar greinar. Veikindi fjölskyldumeðlims hafi gert það að verkum að fjölskyldan ákvað að flytja heim fyrr en áætlað hafði verið.

Í kröfu kæranda segir m.a. að málavextir séu þeir að á síðasta ári hafi fjölskyldan flutt til Íslands frá Spáni þar sem hún hafi verið búsett um árabíl. Ástæða heimflutningsins voru veikindi dóttur kæranda. Fáeinum dögum eftir fæðingu kom í ljós að hún var með alvarlegan skjaldkirtilssjúkdóm og telja kærendur að heilsu hennar og öryggi sé best borgið með því að flytja til Íslands á nýjan leik þar sem hún gæti verið undir höndum íslenskra lækna og notið öryggis þess heilbrigðiskerfis sem starfrækt sé hér á landi.

Þá segir í kærinni að á meðal þess sem tilheyrði búslóð þeirra, hafi verið fjölskyldubifreiðin Toyota Land Cruiser árgerð 1997, sem hafði verið í eigu fjölskyldunnar í nokkra mánuði. Fáeina mánuði hafi vantað upp á að hún hefði verið í eigu kæranda í tólf mánuði og hún þar með verið tolluð í samræmi við 23. gr. rgl. nr. 374/1995. Kærendur vilja vekja athygli á að ekki sé um hefðbundinn bílannflutning í viðskiptaskyni að ræða, heldur óumflytjanlegar aðstæður, og ljóst sé að þessi bifreið hefði aldrei komið til landsins nema vegna ófyrirséðra alvarlegra veikinda fjölskyldumeðlims. Alls ekki sé verið að flytja bifreiðina inn til sölu í hagnaðarskyni, heldur sé hún hluti af þeirri búslóð sem fjölskyldan flutti með heim á ný. Kærendur telja að aðflutningsgjöldin sem lögð hafa verið á bifreiðina séu hátt í raunverulegt verðmæti hennar og verði þau lögð á, þýði það að þegar upp sé staðið verði búið að borga næstum tvöfalt gangverð bifreiðarinnar. Kærendur fara fram á að ákvörðun tollstjóra verði endurskoðuð en samkvæmt ákvörðun tollstjóra eru aðflutningsgjöld af bifreiðinni kr. 916.124.

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar til tollstjórans í Reykjavík með bréfi, dags. 17. febrúar 2005. Í svari sem barst nefndinni þann 1. mars 2005 segir m.a. að málavextir séu á þann veg að þann 27. maí s.l. var umrædd bifreið flutt til landsins með sendingu U NOR 27 05 4 NO BGO 0142 og var tímabundið akstursleyfi veitt til 29. júlí s.l. Með bréfi innflytjanda til embættisins, dags. 14. júlí s.l., hafi verið óskað eftir því að lokaákvörðun um tollafgreiðslu bifreiðarinnar yrði frestað og var í því samhengi vísað til 3. mgr. 21. gr. tollalaga nr. 55/1987. Þessari beiðni um frestun á lokaákvörðun um tollafgreiðslu bifreiðarinnar Toyota Land Cruiser, BTB 1315, var hafnað með bréfi tollstjóra, dags. 28. júlí s.l. Embættinu hafi síðan borist bréf frá innflytjanda, dags. 23. september s.l., þar sem beðið var um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna innflutnings bifreiðarinnar. Í bréfinu hafi komið fram að innflytjandi hafi verið búsettur um árabíl erlendis en vegna veikinda dóttur hans hafi hann flutt fyrr til landsins en áætlað var. Þá tilgreindi innflytjandi að umrædd bifreið, sem væri orðin 7 ára gömul, hefði verið í eigu hans í níu mánuði, bifreiðin hafi verið keypt til að nota sem fjölskyldubifreið ytra og þar sem hún var hluti af búslóðinni hafi hún verið flutt til Íslands sem búslóðarbifreið, en alls

ekki til innflutnings eða viðskipta. Óskaði innflytjandi þess við tollstjóra að tekið yrði tillit til hinna sérstöku og erfiðu aðstæðna og heimilað að umrædd bifreið yrði flutt til landsins sem búslóðarbifreið.

Þá segir að með bréfi tollstjóra, dags. 26. október s.l., hafi innflytjanda verið tilkynnt að samkvæmt gögnum embættisins hefði aðflutningsskýrslu ásamt fylgiskjólum, varðandi sendingu U NOR 27 05 4 NO BGO 0142, ekki verið skilað til embættisins og því liggi aðeins fyrir hjá embættinu leiðbeinandi útreikningar um aðflutningsgjöld bifreiðarinnar. Aðflutningsgjöld bifreiðarinnar Toyota Land Cruiser, BTB 1315, hefðu því ekki verið ákvörðuð og því væri ekki unnt að taka afstöðu til erindis innflytjanda, dags. 23. september s.l., fyrr en aðflutningsgjöld bifreiðarinnar hefðu verið ákvörðuð. Óskað var eftir því að innflytjandi skilaði inn aðflutningsskýrslu ásamt gögnum svo unnt væri að ákvarða aðflutningsgjöld bifreiðarinnar.

Umbeðnum gögnum var skilað til embættisins þann 1. nóvember s.l. Innflytjanda var síðan tilkynnt um ákvörðun aðflutningsgjalda bifreiðarinnar með bréfi embættisins, dags. 17. nóvember s.l. Tollstjóri taldi að ekki væri unnt að líta til 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, með síðari breytingum, við ákvörðun aðflutningsgjalda þar sem ljóst væri að innflytjandi hefði ekki átt umrædda bifreið í a.m.k. eitt næstliðið ár áður en hann flutti til landsins. Var innflytjanda tilkynnt um þessa niðurstöðu og með bréfi hans, dags. 23. september s.l., væri ákvörðun um aðflutningsgjöld bifreiðarinnar kærð og því myndi embættið úrskurða í málinu. Innflytjanda var veittur frestur til að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Frekari upplýsingar og gögn bárust með bréfi innflytjanda, dags. 24. nóvember s.l. Þann 3. desember s.l. úrskurðaði tollstjórinn í Reykjavík í málinu og var niðurstaða hans á þann veg að hann taldi skilyrði 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun ekki uppfyllt og því bæri að byggja útreikning aðflutningsgjalda á viðskiptaverði bifreiðarinnar skv. 8. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun. Með bréfi embættisins, dags. 17. desember s.l., var innflytjanda tilkynnt um misritun sem átt hafði sér stað í úrskurði embættisins, dags. 3. desember s.l. Leiðréttur úrskurður, dags. 17. desember 2004, var sendur innflytjanda með vísan til 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum.

Síðan segir í greinargerð tollstjóra að ekki sé um að ræða efnislegar nýjar röksemdir í kærinni umfram það sem þegar hafi komið fram í bréfum frá innflytjanda og ítrekar embættið því rökstuðning þann sem fram kemur í hinum kærða úrskurði tollstjóra.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra nr. 23/2004 segir að í 8. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, sé að finna þá meginreglu að tollverð innfluttrar vöru sé viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna við sölu hennar til útflutnings til landsins með þeim leiðréttingum sem leiðir af 9. gr. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildi reglugerð nr. 374/1995, með síðari breytingum, en reglugerðin er sett með stoð í 10. gr. tollalaga, sbr. 4. gr. laga nr. 87/1995, svo og 148. gr. tollalaga. Grunnregla 8. gr. tollalaga sé ítrekuð í 2. gr. tollverðsreglugerðarinnar, en þar komi fram að tollverð innfluttrar vöru sé viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð sem raunverulega sé greitt eða greiða beri fyrir hana með þeim leiðréttingum sem leiði af ákvæðum 3. gr., að uppfylltum ákvæðum skilyrðum. Þau skilyrði sem sett séu fyrir því að viðskiptaverð vöru sé lagt til grundvallar séu tilgreind í a-e lið 2. gr. tollverðsreglugerðarinnar.

Í 4. tl. 5. gr. tollalaga nr. 55/1987, komi fram að heimilismunir manna sem flytjast búferlum hingað til lands skuli vera tollfrjálsir, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann fluttist til landsins. Skýrt sé tilgreint í 4. tl. 5. gr. að tollfrelsi samkvæmt þessum lið taki ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja. Nánari útfærslu á umræddu lagaákvæði sé að finna í 3. gr. reglugerðar nr. 797/2000 um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum. Þar segir í 1. mgr. 3. gr. að heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands skulu undanþegnir aðflutningsgjöldum að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Í 2. tl. 3. mgr. 3. gr. komi fram að vélknúin ökutæki, svo sem bifreiðar, bifhjól, beltabifhjól, vélbátar, flugvélar og farartæki eins og seglbátar, svifflugur, svifdrekar o.p.h. teljist ekki til heimilismuna í skilningi 3. gr. reglugerðarinnar.

Í V. kafla reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun sé að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Í 23. gr. tollverðsreglugerðarinnar segi að flytji maður búferlum til landsins eftir að hafa verið búsettur erlendis í a.m.k. eitt næstliðið ár og hafi með sér ökutæki sem hefur verið í hans eigu það ár eða lengur, skal heimilt að fyrna verð ökutækisins samkvæmt framlögðum vörureikningi fyrir hvern byrjaðan mánuð frá dagsetningu

vörureiknings og til komumánaðar flutningsfars. Skal fyrningarhlutfall á mánuði ráðast af aldri ökutækisins, í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 21. gr. Heimild þessi tekur þó ekki til ökutækja að heildar- þyngd þrjú tonn eða meira. Í 2. mgr. 23. gr. tollverðsreglugerðarinnar kemur síðan fram að leggi aðili skv. 1. mgr. ekki fram vörureikning við tollafgreiðslu ökutækis fari ákvörðun tollverðs eftir IV. kafla, sbr. 20. og 21. gr. reglugerðarinnar. Sé tollverð notaðs ökutækis ákvarðað skv. 21. gr. reglugerðarinnar, skal heimilt að fyrna líklegt fobverð um 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð í 12 mánuði og 1% fyrir hvern mánuð eftir það, þar til náð hefur verið 90% fyrningu, sem sé hámarksfyrning.

Í 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun séu tilgreind þau skilyrði sem nauðsynlegt er að séu uppfyllt til að unnt sé að tollafgreiða bifreið sem búslóðarbifreið. Þau grundvallarskilyrði sem fram koma í 23. gr. eru að innflytjandi hafi verið búsettur erlendis í a.m.k. eitt næstliðið ár og að hann hafi með sér ökutæki sem hafi verið í hans eigu það ár eða lengur. Samkvæmt upplýsingum frá þjóðskrá var innflytjandi skráður með lögheimili á Spáni frá 1. maí 2003 til 1. júní 2004 og því er ljóst að innflytjandi var búsettur erlendis í rúmlega eitt ár fyrir innflutning bifreiðarinnar. Reikningur nr. 32300 vegna kaupa á bifreiðinni Toyota Land Cruiser, BTB 1315, sé útgefinn þann 20. nóvember 2003 og var bifreiðin flutt til landsins þann 27. maí 2004. Bifreiðin var því í eigu innflytjanda í sex mánuði áður en innflutningur hennar átti sér stað og því er skilyrði 23. gr. tollverðsreglugerðarinnar um að bifreiðin hafi verið í eigu innflytjanda a.m.k. eitt næstliðið ár áður en innflutningur á sér stað ekki uppfyllt.

Tollstjóri segir í greinargerðinni að veikindi fjölskyldumeðlims innflytjanda urðu til þess að búferlaflutningur til Íslands átti sér stað fyrr en áætlað hafði verið. Gerir hann sér grein fyrir erfiðum aðstæðum innflytjanda vegna þessara veikinda en þau lög og reglur sem gilda um búferlaflutninga, þ.m.t. búslóðarbifreiðar, séu skýr og ótvíræð.

Til þess að unnt sé að tollafgreiða bifreið sem búslóðarbifreið verða skilyrði 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun að vera uppfyllt. Hvergi í tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum, eða reglugerð nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, sé að finna heimild til þess að vikið verði frá skilyrðum 23. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Tollstjóranum er því ekki unnt að heimila að bifreiðin, sem er af gerðinni Toyota Land Cruiser, BTB 1315, árgerð 1997, verði tollafgreidd sem búslóðarbifreið. Með hliðsjón af öllu framansögðu krefst tollstjórinn í Reykjavík þess að hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 23/2004 verði staðfestur.

Ríkistollanefnd sendi kærendum greinargerð tollstjórans í Reykjavík til umsagnar þann 2. mars 2005 í ábyrgðarbréfi. Kærendum var veittur frestur til athugasemda til 20. mars 2005. Ekki barst andsvar frá kærendum.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Ágreiningur í máli þessu snýst um aðflutningsgjöld af bifreið af gerðinni Toyota Land Cruiser. BTB 1315, árgerð 1997, en bifreiðin kom til landsins með sendingu U NOR 27 05 4 NO BGO 0142. Kærandi gerir kröfu um að bifreiðin verði tollafgreidd skv. 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, þ.e. sem búslóðarbifreið. Tollstjóri telur að skilyrði reglugerðar nr. 374/1995 séu ekki uppfyllt og telur að við útreikning aðflutningsgjalda af bifreiðinni beri að líta til 8. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun.

Ríkistollanefnd hefur yfirfarið forsendur og niðurstöður hins kærða úrskurðar. Fyrir liggur reikningur um kaup bifreiðarinnar dagsettur þann 20. nóvember 2003. Bifreiðin var flutt til landsins þann 27. maí 2004. Kærendur höfðu því átt bifreiðina í rúma sex mánuði við innflutning hennar. Það er því ljóst að skilyrði 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun um eignarhald á bifreiðinni í eitt ár eru ekki uppfyllt af hálfu kæranda. Af gögnum verður ekki annað séð en að tollstjóri hafi í einu og öllu farið eftir þeim reglum og lögum sem snerta afgreiðslu þessa máls. Með vísan til rökstuðnings tollstjóra er hinn kærði úrskurður staðfestur. Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, staðfestir ríkistollanefnd úrskurð tollstjóra, dags. 17. desember 2004, um aðflutningsgjöld af bifreið af gerðinni Toyota Land Cruiser, BTB 1315, árgerð 1997.